



## GJALDSKRÁ 2016

fyrir framkvæmdaleyfi og skipulagsvinnu

### 1. gr.

#### **Meginreglur.**

Gjaldskráin byggir á þeirri meginreglu að aðili sem óskar eftir breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi skuli greiða þann kostnað sem breytingin hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdrátta, breytinga á uppdráttum, auglýsinga og kynninga vegna málsins. Skipulagsnefnd getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu, eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.

Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyprar vinnu er verulegur umfram viðmiðunargjald, vegna umfangs verksins, er heimilt að leggja til viðbótar tímagjald skipulagsfulltrúa, sem er kr. 10.274-, eða gjald skv. reikningi.

### 2. gr.

#### **Skilgreiningar.**

Umsýslu- og auglýsingakostnaður: kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu umsóknar, birtingar auglýsinga og annarrar umsýslu.

Breytingarkostnaður: kostnaður sem fellur til innan sveitarfélagsins við gerð nýs deiliskipulags eða breytingar á gildandi aðal- eða deiliskipulagsuppdráttum.

Lagatiltvitnanir: þar sem vitnað er til ákveðinnar greinar í lögum er átt við skipulagslög nr. 123/2010.

### 3. gr.

#### **Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga.**

##### 3.1 Verulegar breytingar:

|                                                                          |             |
|--------------------------------------------------------------------------|-------------|
| Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 1. mgr. 36. gr., viðmiðunargjald | kr. 102.743 |
| Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr.                    | kr. 68.495  |

##### 3.2 Óverulegar breytingar:

|                                                                          |            |
|--------------------------------------------------------------------------|------------|
| Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 2. mgr. 36. gr., viðmiðunargjald | kr. 68.495 |
| Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr.                    | kr. 22.832 |

### 4. gr.

#### **Kostnaður vegna deiliskipulags.**

##### 4.1. Nýtt deiliskipulag:

|                                                       |                      |
|-------------------------------------------------------|----------------------|
| Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr.              | vinna skv. reikningi |
| Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr. | kr. 68.495           |

##### 4.2. Verulegar breytingar:

|                                                          |                      |
|----------------------------------------------------------|----------------------|
| Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 1. mgr. 43. gr. | vinna skv. reikningi |
| Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 43. gr.    | kr. 68.495           |

##### 4.3. Óverulegar breytingar:

|                                                          |                      |
|----------------------------------------------------------|----------------------|
| Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 2. mgr. 43. gr. | vinna skv. reikningi |
| Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 43. gr.    | kr. 22.832           |

**5. gr.**

***Kostnaður vegna grenndarkynningar.***

Grenndarkynning, sbr. 44. gr., viðmiðunargjald kr. 22.832

**6. gr.**

***Kostnaður vegna einstakra framkvæmda.***

Afstöðumynd kr. 22.832

Yfirlitsmynd kr. 22.832

Leyfi fyrir einstökum framkvæmdum, sbr. 1. mgr. 57. gr. kr. 22.832

**7. gr.**

***Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis.***

Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, viðmiðunargjald kr. 102.743

Framkvæmdaleyfi - aðrar framkvæmdir, viðmiðunargjald kr. 45.663

Mælingar vegna magntöku o.þ.h. vinna skv. reikningi

Eftirlit umfram eina ferð, sem er innifalin í kr. 22.832  
framkvæmdaleyfisgjaldi

**8. gr.**

***Gjaldtökuheimild og breytingar á fjárhæð.***

*Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gjöld miðast við byggingarvísitölu í janúar 2016, skv. grunni frá 2010 (112,3 stig) og uppreiknast í janúar ár hvert til samræmis við breytingar á henni.*